Garðyrkjuskólinn Reykjum                                                    Fjölbrautaskóli Suðurlands

# GRÓÐ2TR03 – Tré og runnar

**Kennari: Guðríður Helgadóttir (gurry@fsu.is)**

## Kennsluáætlun haustið 2024

| **Vika** | **Dags.** | **Tími** | **Efni** | **Verkefni** |
|---|---|---|---|---|
| **1** | 26.8.2024 | 12:45 – 15:45 | Inngangur, helstu atriði áfangans. Plöntuskoðun á Reykjum. | |
| **2** | 2.9.2024 | 9:00 – 12:00 | Nafngiftir plantna. Ræktunarskilyrði á Íslandi. Bergflétta – blóðbroddur. | |
| **3** | 9.9.2024 | 9:00 – 12:00 | Gráelri – rauðtoppur. | |
| **4** | 16.9.2024 | 9:00 – 12:00 | Alaskayllir – lyngrósir. | Skil á plöntuvals-verkefni 1, 16.9.2024 |
| **5** | 23.9.2024 | | **Lotuvika – ekki kennsla** | |
| **6** | 30.9.2024 | 9:00 – 12:00 | Baunatré – sólber. | |
| **7** | 7.10.2024 | 9:00 – 12:00 | Rifs – síberíulerki. | |
| **8** | 14.10.2024 | | Vetrarfrí, ekki kennsla | |
| **9** | 21.10.2024 | 9:00 – 12:00 | Blágreni – bergfura. | Skil á plöntuvals-verkefni 2, 21.10.2024 |
| **10** | 24.10.2024 | | **Lotuvika – ekki kennsla** | |
| **11** | 4.11.2024 | 9:00 – 12:00 | Marþöll – fjallarós. | |
| **12** | 11.11.2024 | 9:00 – 12:00 | Þyrnirós – gráreynir. | |
| **13** | 18.11.2024 | 9:00 – 14:10 | Alpareynir – selja. | Skil á ritgerð 18.11.2024 |
| **14** | 23.11.2024 | 9:00 – 14:10 | Jörfavíðir – álmur. Upprifjun. | |
| **15** | 9.12.2022 | 9:00 – 12:00 | Próf. | |

**Námsefni:**

Tré og runnar – fjölritað hefti í 4 hlutum. Ólafur Sturla Jónsson, 2005.

Ljósrit og annað efni frá kennara.

**Skipulag áfanga**

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, plöntuskoðun og heimaverkefnum.

**Fyrirlestrar:** Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

**Heimaverkefni:** Nemendur skrifa ritgerð um trjátegund sem þeir velja af aðallista áfangans. Einnig vinna nemendur tvö smærri verkefni um plöntuval. Ekki er tekið við heimaverkefnum eftir að skilafrestur rennur út.

**Upptökur og streymi:** Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.

**Námsmat**

Ritgerðarverkefni gildir 15% í lokaeinkunn.

Plöntuvalsverkefni gilda 5% hvort um sig, alls 10 %.

Skriflegt lokapróf gildir 75% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Garðyrkjuskólanum Reykjum - FSu, 26. ágúst 2024**

**Guðríður Helgadóttir**

*Garðyrkjuskólinn Reykjum* *Fjölbrautaskóli Suðurlands*

<table>
<tr><td>Áfangi<br>GRÓÐ2TR03 – Tré og runnar</td><td>Einingar<br>3 fein</td><td>Hæfniþrep<br>2</td></tr>
<tr><td colspan="3">Lýsing<br>Fjallað um helstu tegundir trjáa og runna sem nota má í garðrækt, skógrækt og landgræðslu. Íslensk og latnesk heiti og skipan tegunda í ættir og ættkvíslir. Skipting Íslands í mismunandi ræktunarsvæði fyrir trjágróður. Notkun greiningarlykla kynnt. Flokkun trjátegunda eftir eiginleikum og notagildi. Fjallað um vaxtarskilyrði, fjölgun, ræktun og hirðingu tegundanna sem teknar eru fyrir. Rannsóknir á trjám og runnum á Íslandi.</td></tr>
<tr><td colspan="3">Forkröfur<br>Almennar forkröfur garðyrkjunáms.</td></tr>
<tr><td>Þekkingarviðmið<br>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br><br>• Helstu tegundum trjáa og runna sem þrífast við íslensk vaxtarskilyrði.<br>• Skipan viðkomandi tegunda í ættir og ættkvíslir.<br>• Vísindaheitum viðkomandi plöntutegunda.<br>• Hvaða trjágróður hentar til ræktunar á mismunandi svæðum landsins.<br>• Hvaða aðferðir eru notaðar til fjölgunar trjáa og runna.<br>• Vaxtarskilyrðum mismunandi plöntutegunda.<br>• Greiningarlyklum og hvers vegna þeir eru notaðir.<br>• Grunnatriðum varðandi ræktun og hirðingu viðkomandi plöntutegunda.<br>• Hvaða rannsóknir hafa verið framkvæmdar á trjám og runnum hérlendis.</td><td colspan="2">Hæfniviðmið<br>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br><br>• Nota mismunandi aðferðir til að þekkja sundur helstu tegundir trjáa og runna í ræktun á Íslandi, mælt með útsjónarsemi, jafningjamati og kynningum.<br>• Útskýra og miðla til annarra hvaða algengu tegundir trjáa og runna þrífast við íslensk skilyrði, mælt með rökstuðningi og kynningum.<br>• Gera sér grein fyrir því hvað þarf til að hægt sé að rækta tré og runna á viðeigandi vaxtarstöðum og heppilegustu vaxtarsvæðum á landinu og halda þeim í góðri rækt, mælt með verklagi og vinnuskipulagi.</td></tr>
</table>

<table>
<tr>
<td>
Leikniviðmið<br>
Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
<ul>
<li>Greina mismunandi trjátegundir til tegundar, ættkvíslar og ættar.</li>
<li>Nota greiningarlykla fyrir tré og runna.</li>
<li>Meta hvaða tegundir trjáa og runna eru líklegar til að þola íslenskt veðurfar.</li>
<li>Meta hvar á landinu mismunandi tegundir trjáa og runna eru líklegastar til að þrífast, meðal annars út frá rannsóknaniðurstöðum.</li>
<li>Ákvarða hvaða aðferðir henta til fjölgunar mismunandi tegunda trjáa og runna.</li>
<li>Raða saman mismunandi tegundum trjáa og runna út frá vaxtarskilyrðum þeirra.</li>
<li>Greina viðhaldsþörf trjáa og runna.</li>
<li>Raða saman mismunandi tegundum trjáa og runna eftir útlitseinkennum og öðrum eiginleikum.</li>
</ul>
</td>
<td>
<ul>
<li>Ráðleggja öðrum um plöntuval miðað við umhverfisskilyrði á vaxtarstað, mælt með rökstuðningi.</li>
<li>Ráðleggja öðrum um plöntuval miðað við útlitseinkenni og aðra eiginleika plantna, mælt með rökstuðningi.</li>
<li>Útskýra og miðla til annarra hvaða aðferðir er hægt að nota til fjölgunar trjáa og runna, mælt með kynningum og rökstuðningi.</li>
<li>Skipulagt plöntuval í trjá- og runnabeðum og kynnt það fyrir öðrum, mælt með kynningu.</li>
<li>Útskýrt fyrir öðrum hvaða áhrif rannsóknir á trjágróðri á Íslandi hafa á plöntuval á mismunandi svæðum, mælt með rökstuðningi og kynningum.</li>
</ul>
</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="2">
Námsmat<br>
Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf.
</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="2">
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)<br>
Nemendur fá lista yfir plöntutegundir sem þeir eiga að lesa um.  Kennt er með fyrirlestrum og nemendur fylla út verkefnablöð í kennslustundum.  Verkefni í skipulagningu beða.
</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="2">
Tenging við grunnþætti<br>
Læsi:  Nemendur læra að þekkja tré og runna í vinnuumhverfi sínu og verð a því læsir á þarfir og þrif plantna.<br><br>
Sjálfbærni:  Nemendur vinna með tré og runna og fjölgunaraðferðir þeirra og geta sjálfir séð um að rækta trjágróður.<br><br>
Heilbrigði og velferð:  Nemendur læra um lækningaeiginleika ýmissa plantna og læra aðferðir til að viðhalda plöntum, sem krefst útiveru og líkamlegrar áreynslu.  Trjágróður hefur líka jákvæð áhrif á lýðheilsu.
</td>
</tr>
<tr>
<td colspan="2">
Dags.: 19.6.2013<br>
Höfundur: Guðríður Helgadóttir
</td>
</tr>
</table>